

Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík, 6. desember 2022
UST202202-325/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit á urðunarstað Norðurþings þann 24. ágúst 2022

Þann 24. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Norðurþings í Laugardal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Opin eru eldri frávík frá eftirliti 2020 er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimilt er að urða allt að 500 tonn af óvirkum úrgangi á ári. Á urðunarstaðnum mátti finna nokkuð af plasti og brotajárni sem ekki flokkast sem óvirkur úrgangur og á ekki að vera á urðunarstaðnum.
2. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fók, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra og fugla. Úrgangur í urðunarrein var ekki birgður við eftirlit.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Urðunarstaðurinn er ekki snyrtilegur og rekstraraðili hefur ekki sinnt frágangi í samræmi við ákvæði starfsleyfis síns.
2. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksá, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Skráningum vegna ársins 2021 hefur ekki verið skilað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 3. janúar 2023.

Virðingarfyllst,

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur

Kristín Kröyer
Sérfræðingur